


NORÐUR 1:100




SUÐUR 1:100




AUSTUR 1:100




SNIÐ A-A 1:100




GRUNNMYND 1:100

| BREYTINGAR: | | |
|---|---|---|
| Dags: | Skýring: | Gerð af: |
| 00.00.2021 | Texti | GHR |

VERK:

**_Flugumýri 6 - Ný viðbygging_**
**_Mosfellsbæ Aðalteikningar_**

*Grunnmynd, Útlit og snið*

TEIKNING: **A - 001**

| KVARÐI: | BLS STÆRÐ: | DAGS: |
|---|---|---|
| 1:100 | A1 | 24.03.2023 |

**Teikni-og tækniþjónustan TOGT ehf**
*Hraðastaðavegur 11 - 271 Mosfellsbæ - Sími 8933022 - togt@togt.is*
*Guðmundur Hreinsson 051067-5099 Byggingarfræðingur bs.c*

TEIKNAÐ: SAMÞYKKT:

**BYGGINGALÝSING OG GREINAGERÐ:**

**UPPLÝSINGAR UM MANNVIRKI:**

Götuheiti: Flugumýri 6
Mosfellsbær
Landnúmer: L 124413
Staðgreinir: 1604-1-23900060
MHL01

STARFSEMI OG NOTKUNN:

Byggingin er Atvinnuhúsnæði og einn matshluti. Hæðamunur er ekki á milli byggingahluta. Húsnæðið er hannað samkvæmt algildri hönnun.

Aðalbyggingarefni er timburburðarvirki. Útveggir að utan eru klæddir með bárustáli.
Klósettkjarni er einn.
Aðkoma að húsinu er frá Flugumýri.

HELSTU STÆRÐIR:

Matshluti 01-0108 = Brúttó 57,0 m2 - 226,8 m3
Heildastærð húss Flugumýsi 6 er 939,5 m2

Bílastæði á lóð eru 24 stæði þar af 2 fyrir fattlaða.

STÆRÐ LÓÐAR OG NÝTINGARHLUTFALL:

Samkvæmt lóðarblaði er lóðin skráð 3521,1 m2 og er nýtingarhlutafall 0,27

GRUNDUN:

Byggingin skal vera grunduð á burðarhæft undirlag, undirsöður og botnplata eru úr jarnbentar og staðsteyptar. Burðarvirki er timburgrind.

ÚTVEGGUR:

Útveggur í norður er timburgrind og límtré Einangrað er á milli timburburðarvirkis og rakasperra þar næst. Raflagnagrind er klætt með gifsi eitt lag. Útveggur milli eignarhluta er steyptur. Klæðning er standandi báruklæðning í flokki 1 (K10 B,s1-dO).

ÞAKVIRKI:

Þak er sperruvirki einangrað á milli sperra, rakasperra og rafmagnsgrind klætt með gifsi öll loft í vistarveruhlutum.

EINANGRUNN BYGGINGAHLUTA:

Úttveggir eru einangraðir með 145mm steinull. Þak er einangrað með 220 mm steinull. 75mm einingrunn undir botnplötu 16kg/m3.
Sjá nánar orkuútreikningar og heildarleiðnitap og heildarorkuþörf.

INNVEGGIR OG KLÆÐNING:

Gerð innveggja eru gifsveggir með 2 földu gifsi og uppfylla kröfur brunavarna EI60. Gerð innveggja og innihurða, þ.m.t. er hljóðeinangrun og brunavörn.
Hljóðvistarkröfur eru rýma eru í samræmi við ÍST 45:2016 Flokkur C því er náð með sjálfstæðum einingum loftræsti og hita og neysluvatnslögnum og milliveggjum.
Léttir innveggir eru hefðbundnir gifsveggir úr málmstöðum sem klæddir eru 2X12,5 mm gifsplötum beggja vegna, spartslaðar og málaðar. Í votrýmum eru settar rakaþolnar gifsplötur. Léttir veggir verða svo fylltir með steinullareinangrun,
Innihurðir verða hefðbundnar timburhurðir, nema annað komi fram á teikningum hönnuðar. Brunakröfur koma fram í kafla um brunavarnir og á aðalteikningum.

GLUGGAR OG HURÐIR.

Breidd hurðablaða allra inngangsdyra/útidyrahurða skal minnst vera 0,9 m á breidd og minnst 2,1 m á hæð enda þess gætt að hindrunarlaust sé ekki minn en 0,83 m á breidd. Ljósmál hurðaopa skal ekki vera minni en 0,83 m á breidd og 2,1 m á hæð. Allir gluggar eru ál að utan og timbur að innan með K- gleri K- gildi 1,10 Wm2˚C og skal vera öryggisgler allstaðar þar sem gler nær 600mm ekki lágmarks hæð frá gólfi.

LOFTRÆSTING:

Loftræsta skal öll gluggalaus rými svo sem tiltekið er í byggingareglugerð og á teikningum aðalhönnuðar og lagnahönnuðar. Vélræn loftræsting er úr votrýmum,

LAGNIR:

Frárennslislagnir í jörð eru viðurkenndar plastlagnir, sér styrktar á umferðasvæðum. Frárennslislagnir inni, verða hefðbundnar PP lagnir
Niðurföll eru sett í votrými samræmi við teikningar aðalhönnuðar.
Gólfniðurföll skulu vera tengt olíuskilju.
Inntak eru í sama alrými.
Stofnlagnir fyrir neysluvatnslagnir eru viðurkenndar ál-plastlagnir eða ryðfrítt stál sem lagaðar verða í lagnastokkum , léttum veggjum eða einangrun útveggja að tengistútum. Lagnir einangrast á hefðbundin hátt. Hámarkshitastig neysluvatns á töppunarstað eru 65˚ c samkv. staðli.

Upphitun er me hitablásara

Stofnlagnir fyrir hitaveitu verða rör í rör sem lagðar verða í lagnastokka og einangrunn útveggja eða í gólfplötu.
Byggingarnar eru upphitaðar með ofnakerfi nema þar sem smádýr eru haldin.
Öll lokuð rými í húsinu verða loftræst með viðurkenndum loftrásum út úr húsi. Sjá frekar lagnateikningar lagnahönnuða.
Allt lagnaefni er gæðavottað af viðurkenndum aðilum.
Drenlagnir eru settar umhverfis húsið og eru þakrennur tengdar drenlögn.

RAFLAGNIR:

Lagnaleiðir lág- og smáspennukerfa verða huldar eða utanáliggjandi. Innfelldar pipulagnir verða verða í loftum, léttum veggjum og gólfum fyrir lagnaleiðir að jaðarbúnaði, eftir því sem við á. Í tilfellum sem notaðar verða utanáliggjandi pípur verða þær úr áli eða höggheldu plasti. Lagnaleiðir utanhúss eru og verða plastpípulagnir í jörðu og verða þær samræmdar þannig að lagnaleiðir rafkerfa fylgja lögnum annara kerfa þar sem því verður við komið. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum öryggisbúnaði og innbrotakerfi.
Rafbúnaður verður hefðbundið innlagnaefni eftir því sem við á hverjum stað. Ljósum verður almennt staðstýrt í herbergjum. Birtukröfur og lýsing verða að vera í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin, ýmist utanályggjandi eða innfelld og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins.
Neyðar- og ÚT-lýsing verður í samræmi við staðla og í samræmi við gildandi byggingareglugerð nr. 112

LÓÐAFRÁGANGUR OG SORPGERÐI:

Lóð er malbikuð með vatnshalla að niðurföllum. Sorpgerði eru afmörkuð og allt sorp flokkað og stærð/gerð sorpíláta er háð þeirri starfsemi sem verður í húsunum og flokkað í samræmi við leiðbeiningar Sorpu, um meðferð hættulegra efna skal uppfylla lög reglugerðir (sjá leiðbeiningar mannvirkjastofnunar)

BRUNAVARNIR:

Notkunn.

Húsnæðið er ætlað fyrir starfsemi sem ekki stafar sérstök hætta af. Í notkunnareiningu með einni flóttaleið skal vera innan við 800 MJ/$m^2$ og fólksfjölda innan við 10 manns.

Brunahólfun

Húsið er í eitt meginbrunahólf, um xxx $m^2$ en skiptist í fimm brunahólf sem eru hvert um sig frá xxxxx og er eitt á tveimur hæðum.
EI60 er á milli notkunnaeininga.

Burðarvirki

Hæðaskil eru a.m.k. REI60.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.
Svalir eru a.m.k. REI60.

Klæðningar

Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).
Gólfefni eru a.m.k. í flokki Cfl-s1 í iðnaðarrýmum.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B,s1-dO).

Útveggir og þak

Útveggur er með yfirborð fl.1 og þak með yirborð í fl. 1 T Hurðir með yfirborð í fl 2.

Flóttaleiðir

Úr rými frá tveim hurðum á göflum.

Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang. Lengsta flóttaleið má vera allt að 45 metrar skv. byggingarreglugerð.
Frávik og rökstuðningur: Þetta telst ásættanlegt þar sem lengsta flóttaleið mælt með útveggjum er um 14 metrar og reiknast því um 28 metrar sem er vel innan við 45 m skv. byggingarreglugerð og leiðbeiningum HMS nr. 9.5.4. Sjá einnig notkunarskilmála.

Reykskynjarar

Reykskynjarar verða í öllum starfsbilum , a.m.k. einn fyrir hverja 80 $m^2$.

Reyklosun

Reykræsning er almennt um glugga og hurðir.

Slökkvitæki

Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett skv. teikningum, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing er í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Neyðarlýsing verður 5 lux yfir slökkvitækjum og í inntaksrými.
Neyðarlýsing verður 5 lux yfir stiga.
Neyðarlýsing skv. “opnum svæðum” (0,5 lux) er í iðnaðarrými og skrifstofurými.
Útljós verða við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma slökkviliðs er frá Helgadalsvegi . Slökkvivatnsþörf hefur verið metin skv. leiðbeiningum HMS og er um 1800 l/mín. Slökkvivatnsþörf skal fullnægt af hálfu vatnsveitu sveitarfélagsins.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins
Fyrirkomulag eldvarnaeftirlits skal vera samkvæmt Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirliti nr. $\frac{723}{2017}$
Breytingar á brunavörnum skulu hljóta samþykki viðeigandi yfirvalda.




*AFSTÖÐUMYND 1 :500*

| BREYTINGAR: | | |
|---|---|---|
| Dags: | Skýring: | Gerð af: |
| 00.00.2021 | Texti | GHR |

VERK:

***Flugumýri 6 - Ný viðbygging***
***Mosfellsbæ Aðalteikningar***

*Afstöðumynd og byggingalýsing*

TEIKNING:

**A - 002**

| KVARÐI: | BLS STÆRÐ: | DAGS: |
|---|---|---|
| 1:500 | A1 | 24.03.2023 |

**Teikni-og tækniþjónustan TOGT ehf**

*Hraðastaðavegur 11 - 271 Mosfellsbæ - Simi 8933022 - togt@togt.is*
*Guðmundur Hreinsson 051067-5099 Byggingarfræðingur bs.c*

TEIKNAÐ: SAMÞYKKT: